

# Þriðji árgangur Læknablaðsins, 1917

■ ■ ■ Védís Skarphéðinsdóttir

Á fyrstu þremur árunum í sögu Læknablaðsins, 1915-1917, sátu í ritstjórn þeir Guðmundur Hannesson, Matthías Einarsson og M. Júlíus Magnús. Útgefandi er Læknafélag Reykjavíkur. Þessir árgangar eru í föstum skorðum, 12 tölublað og hvert blað ein örk, 16 blaðsíður, alls 192 blaðsíður. Fimm auglýsingar í hverju tölublaði, á kápunni, og þar er auglýst tóbak, kryddað þorskalýsi, kodakmyndavélar, rannsóknastofa í smásjárskoðunum, og Bókaverslun Sigfúsar Eymundsson þar sem segir: Tímarit erlend og bækur læknafræðilegs efnis útvegum vér greiðlega, sendið oss pantanir yðar.

Áberandi eru í blaðinu greinar um stéttarmál, umbætur á kjörum, að koma á tímaritafélögum sem myndu kaupa þýsk læknarit sem væru send milli lækna.

Í marsblaðinu segir í Smágreinum og fréttum:

Heilbrigðisvottorð, svohljóðandi: „Ekkert að, alheilbrigð og öll líffærin ósködduð“, gaf læknir nokkur ungru stúlku, sem var að sækja um atvinnu. Svona gálauslega orðuðu vottorði er ekkert hægt að byggja á, því læknirinn fullyrðir hér meira en hann getur vitað.

Í sama blaði eru rakin skrifleg læknapróf sem haldin voru í febrúar 1917:

Handlæknisfræði: Hvað er skilið við fractura intraarticularis? Hverjar eru hinar helztu? Hver eru einkenni þeirra? Hvernig eru horfur fyrir lækningu og hvernig á meðferðin að vera?

Lyflæknisfræði: Hvað getur valdið grefri í þvagi? Hvernig verður hann fundinn í þvagini? Hvernig verður ráðin bót á þessu meini með lyfjum?

Réttarlæknisfræði: Henging. Hver eru útvoris og innvortis merki hennar.

Væri hægt að leggja þessi próf fyrir nemendur 2014?

Það eru margar stórmerkar greinar um íslenska læknisfræði í þessum þriðja árgangi blaðsins: um berkla, tvær eftir Sæmund Bjarnhéðinsson um lækningatílaunir á Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi, Steingrímur Matthíasson sendir vel ættfærð, rekjanleg og afar ítarleg sjúkratilfelli norðan úr Gudmanns Minde á Akureyri, um mislingasmit, um dánarmein Íslendinga 1912, skýrsla um manndaufa á landinu 1735-1915 og rekur gulusótt, blóðsótt, bólu, taksótt, hallæri og skyrbjúg, leiðbeiningar um rannsókn meltingarfæra eftir Halldór Hansen. Guðmundur Hannesson opnar ýmsa glugga í austur og vestur, þýðir stuttar klausur úr erlendum læknaritum, setur inn skýrslur og tölur um rekstur íslenskra sjúkrahúsa og vitnar til Þjóðverja um hvernig best skuli hagað skoðun lækna á skólabörnum. Hann er andríkur og innblásinn og ekki annað hægt en hrífast með. Hér eru lokaorð hans í grein í októberblaðinu um skólaeftirlitið: -

Skólalæknar hafa lengst af fengið störf sín illa borguð, og ekki vildi eg skoða 5-6000 börn fyrir 500 mörk, eins og mér skilst að sumir skólalæknar í Berlín hafi gert. Hins er aftur að gæta, að til þess er hver læknir í heiminn kominn, að hann hjálpi öðrum, verji þá þeim meinum, sem hjá má komast, en lækni hin; með góm-



sætum lyfjum ef það nægir, með hníf eða ferrum candens, ef þess þarf við, og ekki eingöngu einstaklinga, heldur þjóðfélagið.

Fróður, röggSAMUR og einbeittur skólalæknir getur ætíð látið gott af sér leiða. – Þau eru víst töluð til lækna orðin: Þér eruð salt jarðar, og ef saltið missir sinn kraft, með hverju á þá að salta?

En langt ofar öllum krónum stendur meðvitundin um að hafa unnið drengilega verk sinnar köllunar, látið gott af sér leiða, og gert heiminn betri og farsælli en hann var, þó ekki sé nema í þeim litla verkahring, sem íslenskum héraðslækni er trúað fyrir.